

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 24. janúar 2019 í máli nr. S-307/2018:

Ákærvaldið

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Stefán Karl Kristjánsson lögmaður*)

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember 2018, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 31. maí 2018 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...];

„fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 5. júní 2015 í gistiskála í [...] í [...], [...], káfað innanklæða á brjóstum, rassi og kynfærum A og stungið fingri inn í leggöng hennar, gegn hennar vilja, þar sem hún lá sofandi til hliðar við ákærða á dýnu á gólfi skálans og þannig nýtt sér það að A var sofandi og eftir að hún vaknaði og ákærði varð þess var haldið framangreindu áfram án þess að hafa til þess samþykki A og ekki látið af háttseminni fyrir en A kom sér frá honum.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kt. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 2.000.000.- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 5. júní 2015 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr hendi ákærða að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.“

Kröfur ákærða í málinu eru aðallega þær að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Hvað bótakröfu brotaþola varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð verulega. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegrar þóknunar sér til handa samkvæmt framlagðri tímaskýrslu, sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Vorið 2016 óskaði Fjölskylduþjónusta [...] eftir því bréflaga við lögreglu að rannsókn yrði hafin á meintu kynferðisbroti ákærða gegn brotaþola. Var beiðnin sett fram í kjölfar þess að brotaþoli hafði samband við starfsmann barnaverndar og

setti fram ósk um að rannsókn yrði hafin á málinu. Í erindi Fjölskylduþjónustunnar kom fram að móðir brotaþola hefði rætt við starfsmann barnaverndar í september 2015 eftir að tilkynning barst um að stúlkan hefði verið áreitt kynferðislega í útskriftarferðalagi [...] vorið 2015. Í því samtali hefði komið fram hjá móður brotaþola að stúlkunni hefði liðið ömurlega um sumarið og vegna þeirrar vanlíðanar hefði hún sótt viðtöl hjá sálfræðingi. Ákærði og brotaþoli hefðu tilheyrt sama vinnuhópi og hefði þetta atvik sett vinnuhópin á hvolf. Ákærði hefði í kjölfar atviksins sent brotaþola skilaboð á facebook-samskiptaforritinu þar sem hann hefði beðið brotaþola um að láta málið kyrrt liggja og hann meðal annars hóttað sjálfsvígi, færi það lengra. Í samskiptunum hefðu komið fram vísbendingar um að ákærði hefði gert á hlut stúlkunnar. Þar sem brotaþoli hefði hvorki viljað ræða við barnavernd né fara í skýrslutöku hjá lögreglu hefði málinu verið lokað hjá barnavernd um haustið 2015 með þeim skilaboðum að stúlkan skyldi hafa samband aftur, snerist henni hugur.

Í bréfi Fjölskylduþjónustunnar kom fram sú lýsing á atvikum að í fyrrnefndu skólaferðalagi hefðu nemendur sifið saman í smáhýsum í [...] og hefði ekki verið greint á milli kynja. Eina nóttina hefði brotaþoli vaknað við að ákærði var að þreifa á kynfærum hennar, innan klæða.

Tekin var skýrsla af brotaþola hjá lögreglu vegna málsins 31. maí 2016. Í skýrslu brotaþola kom meðal annars fram að ákærði hefði í skólaferðalaginu káfað á brjóstum hennar innan klæða og ekki hætt þótt hún sneri sér við. Þá hefði hann einnig káfað á rassi brotaþola og kynfærum og farið með fingur inn í leggöng hennar.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins fyrir lögreglu 6. júní 2016. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að fyrr um nóttina hefði hann, með leyfi brotaþola, klórað eða kitlað hana innan klæða á rassi og á hliðum brjósta. Síðar um nóttina, eftir að brotaþoli var sofnuð, hefði hann káfað á brjóstum, rassi og kynfærum brotaþola. Allt sagði ákærði það hafa verið utan klæða og neitaði hann því að hafa farið undir fót brotaþola að öðru leyti en því að hann fór „... eitthvað á magann.“

Við rannsókn málsins tók lögregla skýrslu af móður brotaþola og þremur vinkonum stúlkunnar. Þá var aflað vottorðs B sálfræðings, sem hafði brotaþola í meðferð um tíma vegna afleiðinga meintra brota ákærða. Rannsókn lögreglu lauk í september 2016.

Með bréfi 23. apríl 2018 var ákærða boðið að mæta á skrifstofu héraðs saksóknara 3. maí sama ár. Fram kom í boðunarbréfinu að þar yrði honum kynnt ákvörðun héraðs saksóknara um að ljúka málinu með skilorðsbundinni ákærufrestun vegna brots sem ákærði var sagður hafa játað og varðaði við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði mætti ekki á boðuðum tíma og varð því ekki af

Því að málinu lyki með skilorðsbundinni frestun ákæru. Í kjölfarið gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða 31. maí 2018 þar sem ákærða er gefin að sök háttsemi sem ákæruvaldið telur varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

## II

Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins lýsti ákærði atvikum máls svo að hann og brotaþoli hefðu verið í ferðalagi með skólafélögum sínum. Þau hefðu verið búin að vera mjög góðir vinir í langan tíma. Í skólaferðalaginu hefðu ákærði og brotaþoli eytt miklum tíma saman, meiri tíma en þau venjulega gerðu.

Að kvöldi miðvikudagsins 3. júní 2015 hefðu stelpurnar í ferðalaginu verið búnar að kvarta yfir því hversu þröngar kojurnar í skálanum væru. Þar sem ákærði hefði verið á tvíbreiðri dýnu á gólfinu hefði brotaþoli spurt hann að því hvort hún mætti sofa á dýnunni hjá honum næstu nótt. Ákærði hefði svarað þeirri spurningu játandi.

Aðfaranótt föstudagsins, um kl. 00:30, hefði brotaþoli komið inn í herbergið og farið að gera sig klára í háttinn. Ákærði hefði þá spurt brotaþola að því hvort hún hygðist sofa hjá honum á dýnunni og hefði hún svarað því játandi. Brotaþoli hefði síðan háttað sig þannig að ákærði sá ekki til og klætt sig í stuttbuxur og hlýraból.

Eftir að brotaþoli var lögst á dýnuna hjá ákærða hefðu þau talað saman í dágóða stund. Til tals hefði komið hversu þægilegt það væri að láta klóra sér þar sem maður sjálfur næði ekki til. Í framhaldinu hefði orðið úr að ákærði klóraði brotaþola í nokkra stund á rassinum. Ákærði hefði síðan einnig klórað til hliðar við annað brjóst hennar, í báðum tilvikum innan klæða. Ákærði sagði þetta hafa verið í annað skiptið sem hann klóraði brotaþola með þessum hætti. Að þessu loknu hefðu þau áfram rætt saman í stutta stund en síðan farið að sofa.

Ákærði kvaðst hafa vaknað upp um nóttina. Hann hefði ekki litið á klukku en taldi að hún hefði verið á bilinu 02:30 til 03:00. Ákærði sagðist ekki geta skýrt hvað kom yfir hann, „... ég var eflaust eitthvað spenntur út af ... fyrir um kvöldið og ég ákveð að káfa á henni.“ Ákærði hefði káfað á brjóstum, rassi og kynfærum brotaþola, allt utan klæða. Það hefði staðið yfir í um fimm mínútur. Þá hefði ákærði skynjað að brotaþoli var vöknuð og hann í kjölfarið látið af lýstri háttsemi. Hann og brotaþoli hefðu síðan bæði farið aftur að sofa.

Ákærði sagðist strax hafa gert sér grein fyrir því um nóttina að hann væri að gera eitthvað rangt. Þegar hann hefði vaknað morguninn eftir hefði hann áttað sig enn betur á því að það sem hann hafði gert var alls ekki í lagi. Ákærði kvaðst hafa séð mikið eftir því sem hann gerði.

Nokkru síðar sagðist ákærði hafa fengið skilaboð frá brotaþola og hann í samskiptum þeirra í kjölfarið gengist við því sem hann gerði. „Ég vissi alveg upp á mig sökina og mig langaði bara að jata því.“ Eftir það sagðist ákærði hafa bakkað út og viljað gefa brotaþola svigrúm, enda hefði hann vitað að þetta væri framkoma sem græfi undan trausti og ekki væri hægt að fyrirgefa. Ákærði tók fram að hann hefði haft af því áhyggjur þegar hann og brotaþoli hófu nám í sama framhaldsskóla um haustið, að vera hans í skólanum myndi valda brotaþola óöryggi.

Ákærði sagðist hafa greint vini sínum, C, frá því sem gerðist í skólaferðalaginu. Öðrum hefði hann ekki sagt frá fyrr en löngu síðar. Þannig hefðu foreldrar hans ekki fengið vitneskju um málið fyrr en vorið 2016 þegar það var kært til lögreglu.

Fyrir dómi voru framlögð facebook/messenger-samskipti borin undir ákærða. Staðfesti ákærði að um væri að ræða samskipti á milli hans og brotaþola. Þá staðfesti ákærði jafnframt að hafa ritað brotaþola bréf sem liggur frammi í málinu. Bréfið kvaðst ákærði hafa ritað að höfðu samráði við sálfræðing sinn, D, en til hennar hefði ákærði leitað vegna málsins að undirlagi barnaverndar. Tilgang bréfsins sagði ákærði hafa verið þann að sýna að honum væri ekki sama og að hann sæi virkilega eftir því sem hann gerði.

Spurður út í afstöðu sína til þess boðs héraðssaksóknara að ljúka málinu með því að gangast undir skilorðsbundna frestun ákæru svaraði ákærði því til að það hefði verið vilji hans að ljúka málinu með þeim hætti. Hins vegar hefði verið ákveðið samskiptaleysi á milli ákærða og fyrri verjanda hans og þá hefði vanþekking ákærða á þýðingu svona gjörnings, og það hversu lengi hann var að taka afstöðu til boðsins, heldur ekki hjálpað til. Þar hefði haft áhrif að ákærði hefði hræðst málið og forðast að hugsa um það. Þegar ákærði hefði síðan viljað ganga frá málinu með fyrrgreindum hætti hefði það ekki lengur verið hægt en í ljós hefði komið að verjandinn hafði ekki haft samband við saksóknara til þess að fá viðbótarfrest, eins og ákærði hefði óskað eftir við verjandann að hann gerði.

Um aðstæður sínar nú bar ákærði að hann væri við nám í menntaskóla og samhliða því [...] í starfi [...]

### III

A, brotaþoli í málinu, lýsti málsatvikum svo fyrir dómi að hún hefði í skólaferðalaginu gist í tvær nætur í skála í [...] í [...]. Í því herbergi sem brotaþoli svaf hefðu verið fimm kojur. Ákærði hefði sofið á dýnu á gólfinu. Fyrri nóttina hefði brotaþoli sofið í koju en hún ekki sofið vel vegna þess hversu þröng kójan var. Ákærði hefði því boðið brotaþola og E, vinkonu hennar, að sofa hjá sér á dýnunni.

Um kl. 01:30-02:00 síðari nóttina sagðist brotaþoli hafa komið inn í herbergið og hefði ákærði þá legið vakandi á dýnnum á gólfinu. Ákærði hefði spurt brotaþola að því hvort hún ætlaði ekki að sofa á dýnnum hjá honum. Brotaþoli hefði svarað því játandi og lagst á dýnuna. Þau hefðu rætt saman í stutta stund en brotaþoli síðan sofnað. Aðspurð kannaðist brotaþoli hvorki við að ákærði hefði kitlað hana eða klórað henni á rassi eða til hliðar við brjóst né að eitthvað slíkt hefði komið til tals þeirra á milli áður en hún sofnaði. Ekkert slíkt hefði gerst.

Brotaþoli kvaðst hafa vaknað við að finna hönd á öðru brjósti sínu. Hún hefði fyrst ekki áttað sig á aðstæðum en síðan gert sér grein fyrir því að um hönd ákærða var að ræða. Brotaþoli sagði ákærða hafa snert bæði brjóst hennar. Hún hefði opnað augun og séð að ákærði lá á öxlinni á henni. Brotaþoli hefði spurt ákærða að því hvað hann væri að gera og hún síðan snúið sér undan. Ákærði hefði í framhaldinu farið með höndina niður á rass brotaþola. Hann hefði síðan fært höndina á píku hennar og farið með fingur inn í leggöngin. Brotaþoli sagðist hafa legið á maganum og reynt að koma sér frá ákærða. Um tíma hefði hún verið komin af dýnnum og út á gólf. Ákærði hefði síðan hætt að leita á brotaþola og þau bæði sofnað.

Brotaþoli sagði sér hafa liðið illa daginn eftir og hún forðast ákærða. Hún hefði haft á tilfinningunni að eins væri farið með hann. Þau hefðu ekkert rætt saman daginn eftir atvikid en þann dag hefði skólaferðalaginu lokið. Brotaþoli kvaðst hafa eytt ákærða út af öllum samfélagsmiðlum og hefði hann innt hana eftir því hverju það sætti. Brotaþoli hefði í fyrstu engu svarað. Hún hefði síðan svarað honum, þegar hún gisti heima hjá vinkonu sinni, og sagt honum frá því að hún hefði verið vakandi nóttina í skálanum. Ákærði hefði þá viðurkennt að það sem hann gerði hefði verið rangt.

Aðspurð kannaðist brotaþoli ekki við að hafa verið meira með ákærða í skólaferðalaginu en venjulega. Um samband þeirra fyrir ferðalagið bar brotaþoli að þau hefðu verið búin að vera vinir síðan í 6.-7. bekk. Auk þess að vera saman í bekk hefðu þau um tíma æft sund saman. Brotaþoli hefði borið traust til ákærða. Brotaþoli hefði hins vegar aldrei litið á ákærða sem annað en mjög góðan vin.

Brotaþoli kvaðst hafa rætt það sem ákærði gerði um nóttina í skálanum við systur sína og móður. Hún hefði einnig sagt vinkonum sínum, F, G og E frá því að ákærði hefði snert hana innan klæða gegn hennar vilja. Tók brotaþoli fram að hún hefði ekkert verið að dreifa frásögn sinni af atvikinu en hún hins vegar svarað þeim sem spurðu hana um réttmæti frásagna af því. Fljótlega hefði atvikid verið orðið á allra vitorði í vinahópnum. Fram kom hjá brotaþola að ákærði hefði ítrekað beðið hana um það á facebook að vera ekki að tala um málið. Brotaþoli sagði málið hafa haft mikil áhrif á vinahópinn. Krakkana í hópnum sagði brotaþoli hafa reynst henni vel og þeir sýnt henni skilning.

Brotapoli sagði ákærða hafa orðið við beiðni hennar um að halda sig frá henni síðustu skóladagana um vorið 2015. Hún sagði það hafa tekið sig talsverðan tíma að gera sér grein fyrir alvarleika brots ákærða. Um það bil ári eftir að atvik máls gerðust hefði komið fyrirlesari í skólann frá Druslugöngunni. Eftir að hafa hlýtt á hann hefði brotapolí áttað sig á því að hún yrði að leggja fram kæru svo að ákærði gerði sér grein fyrir því að hegðun hans hefði verið óásættanleg.

Fram kom hjá brotapolá að hún hefði fengið mikla aðstoð frá sálfræðingi í kjölfar atviksins. Vegna þeirrar meðferðar sem hún hafi fengið geti hún í dag verið á sama stað og ákærði. Brotapoli hefði í fyrstu látið það sem gerðist stöðva sig í að fara á staði þar sem hún hefði átt von á ákærða. Hún geri það hins vegar ekki í dag. Hún reyni aftur á móti að leiða ákærða hjá sér, horfa í gegnum hann. Nánar um meðferðina hjá sálfræðingnum bar brotapolí að í fyrstu hefði hún farið um það bil einu sinni í viku í viðtal en þegar frá leið hefði liðið lengri tími á milli þeirra. Brotapoli sagðist enn glíma við mikinn kvíða vegna brots ákærða og vera á kvíðalyfjum. Þá haldi hún sig meira heima og fari minna út á meðal fólks en áður. Aðspurð kvaðst brotapolí hafa lesið bréf það sem ákærði ritaði henni um það bil þremur mánuðum fyrir aðalmeðferð málsins. Fyrr hefði hún ekki verið tilbúin til þess að lesa bréfið sem hún kvað lítið hafa gert fyrir sig.

H, móðir brotapolá, kvaðst hafa frétt af því sem gerðist í skólaferðalaginu einum eða tveimur dögum eftir að brotapolí kom heim úr ferðalaginu. Vitnið hefði strax veitt því athygli að eitthvað var að. Stúlkan hefði verið skrytin í háttum, stutt í spuna og lokað sig af. Vitnið hefði í fyrstu skrifað þetta á þreytu og svefnleysi eftir ferðalagið. Brotapoli hefði síðan sett appelsínugult myndtákn inn á instragram-reikning sinn sem systir hennar hefði séð. Hún hefði í kjölfarið gengið á brotapolá með það hvað hún ætti við með merkinu og brotapolí þá greint henni frá atvikinu í skálanum. Systir brotapolá hefði í framhaldinu upplýst vitnið um frásögn brotapolá. Vitnið hefði í kjölfarið rætt sjálft við brotapolá og hún þá lýst því fyrir vitninu sem gerðist. Samtalið hefðu þær átt kvöldið áður en stúlkan útskrifaðist úr grunnskóla.

Nánar um frásögn brotapolá af atvikum umrædda nótt bar vitnið að stúlkan hefði sagt ákærða hafa snert og strokið brotapolá innan klæða, bæði á kynfærum og brjóstum. Vitnið kvaðst ekki hafa spurt brotapolá nánar út í það sem gerðist þar sem það hefði viljað hlífa stúlkunni við því, enda hefði hún verið hágrátandi er hún greindi frá atvikum og þá hefði vitnið sjálft verið í áfalli. Sérstaklega aðspurt sagði vitnið brotapolá síðar, mögulega haustið 2015, hafa greint vitninu frá því að ákærði hefði farið með fingur í leggöng hennar.

Vitnið sagðist strax þetta sama kvöld hafa rætt við skólayfirvöld og greint þeim frá málinu. Skólayfirvöld hefðu síðan tilkynnt málið til barnaverndar. Vitnið kvaðst starfs síns vegna hafa vitað að langan tíma gæti tekið að fá aðstoð fyrir

brotapola í kerfinu og hefði vitnið því ákveðið að fara sjálfst með hana til sálfræðings. Vitnið sagði líðan stúlkunnar hafa verið hörmulega til að byrja með. Sumarið 2015 hefði verið hörmung og brotapolí lokað sig mikið af og verið mjög langt niðri. Stúlkann hefði gengið til sálfræðings allt sumarið og allt fram á nýtt ár. Líðan stúlkunnar hefði eitthvað lagast þegar hún hóf nám í framhaldsskóla um haustið en hún samt sem áður verið mjög þung og fyrir hefði komið að hún kæmi hágrátandi heim úr skólanum en stúlkunni hefði þótt erfitt að vera áfram í sama skóla og ákærði, jafnvel þótt þess hefði verið gætt af skólafirvöldum að þau væru ekki saman í fögum.

Vitnið kvað brotapolá hafa verið það niðurbrotna vegna þess sem gerðist að hún hefði í upphafi ekki treyst sér til þess að kæra málið til lögreglu.

F greindi svo frá fyrir dómi að brotapolí hefði greint henni frá atviki sem gerst hefði í skólaferðalaginu í vikunni eftir að brotapolí kom heim úr ferðalaginu. Brotapolí hefði lýst atvikum svo að hún hefði legið undir sæng og hefði ákærði legið við hlið hennar. Ákærði hefði haldið að brotapolí væri sofandi og hann farið með hendurnar inn fyrir fötin sem hún var í og snert hana. Komið hefði fram hjá brotapolá að ákærði hefði farið inn fyrir bol sem hún var í, náttbuxur hennar og nærbuxur, og snert hana. Brotapolí hefði ekki vitað hvernig hún ætti að bregðast við þessum gjörðum ákærða og hún því legið „frosin“. Vitnið sagði brotapolá hafa verið hágrátandi er hún greindi frá þessum atvikum. Kvaðst vitnið hafa lagt trúnað á frásögn brotapolá.

Vitnið sagði brotapolá hafa liðið illa vegna þess sem gerðist og hún átt erfitt með að tala um það. Kvaðst vitnið vita til þess að brotapolí hefði gengið til sálfræðings vegna þeirrar vanlíðanar sinnar.

G sagðist hafa farið í skólaferðalagið með ákærða og brotapolá og sofið í sama herbergi og þau. Vitnið hefði hins vegar ekki frétt af því sem gerðist fyrr en heim var komið. Vitnið hefði verið heima hjá brotapolá og hefði hún þá sagt vitninu frá því að síðustu nóttina í ferðalaginu hefði hún sofið við hlið ákærða. Um nóttina hefði hann farið með hendurnar inn á brotapolá og káfað á henni. Við það hefði brotapolá verið mjög brugðið og hún ekki vitað hvernig hún ætti að bregðast við. Brotapolí hefði átt erfitt er hún sagði frá og hún grátið.

Vitnið sagði brotapolá hafa átt erfitt með að tala um það sem gerðist. Löngu síðar, eða á árinu 2018, hefði vitnið spurt brotapolá frekar út í málsatvik og brotapolí þá sagt henni að hana minnti að ákærði hefði jafnframt farið með fingur inn í leggöng hennar.

Vitnið kvað brotapolá lengi hafa átt erfitt vegna þess sem gerðist og hún leitað sér sálfræðiaðstoðar vegna þess. Síðasta árið hefði brotapolí verið að reyna að gleyma því sem gerðist og halda áfram. Það hefði reynst henni erfitt og tekið á.

E bar fyrir dómi að hún hefði verið í umræddu skólaferðalagi. Vitnið hefði hins vegar ekki frétt af því sem gerðist síðasta kvöldið í ferðalaginu fyrr en nokkrum dögum eftir heimkomuna. Vitnið tók þó fram að það hefði veitt því athygli í rútunni á leiðinni heim að brotapolu hefði verið mjög ólík sjálfri sér. Hún hefði virst leið og litið út eins og eitthvað hefði komið fyrir. Vitnið hefði ekki innt brotþola eftir því hvort eitthvað amaði að heldur einfaldlega gert ráð fyrir því að hún væri leið yfir því að ferðalagið væri á enda.

Nokkrum dögum eftir heimkomuna sagði vitnið brotþola hafa greint því frá því sem gerðist síðasta kvöldið í ferðalaginu. Brotþoli hefði sagt að ákærði hefði komið við hana á óviðeigandi hátt á meðan hún svaf. Hefði brotþoli vaknað við snertingar ákærða. Brotþoli hefði lýst snertingum ákærða nánar svo að hann hefði farið inn á hana og komið við kynfæri hennar. Hvort brotþoli hefði lýst snertingu á kynfærum innan klæða eða utan kvaðst vitnið ekki muna. Við þessa háttsemi ákærða hefði brotþoli frosið. Hún hefði ekkert getað sagt og ekki getað hreyft sig.

Vitið kvað brotþola hafa liðið mjög illa þegar hún greindi vitninu frá því sem gerðist og hún átt erfitt með að lýsa atvikinu. Brotþoli hefði verið með tárin í augunum, hún virst mjög stressuð og verið sár og leið. Vitnið hefði lagt trúnað á frásögn hennar. Brotþoli hefði beðið vitnið um að segja engum frá því sem hún hefði trúað því fyrir. Vitnið kvaðst vita til þess að skömmu síðar hefði brotþoli einnig sagt systur sinni frá þessu atviki, sem síðan hefði greint móður þeirra systra frá.

Vitnið sagðist hafa greint mun á líðan brotþola eftir atvikið. Henni hefði liðið mun verr og hún lítið viljað fara út. Þá hefði brotþoli greint vitninu frá þunglyndi og kvíða sem hana hrjáði vegna málsins.

K kvaðst hafa verið einn þeirra nemenda sem farið hefðu í skólaferðalagið. Hefði hún verið með brotþola og ákærða, sem hún kvað bæði hafa verið mjög góða vini sína, í herbergi ásamt fleiri krökkum. Vitnið sagðist ekki hafa orðið vitni að neinu óeðlilegu á milli ákærða og brotþola í ferðalaginu.

Vitnið kvað brotþola hafa sagt sér frá því sem gerðist um nóttina nokkru síðar. Fram hefði komið hjá brotþola að ákærði hefði farið inn á brotþola með höndunum í heimildarleysi þegar hún var hálfsofandi. Brotþoli hefði sagt ákærða hafa komið við sig „á nærbuxnasvæði“ en ekki tiltekið hvort hann hefði gert það innan eða utan klæða. Brotþoli hefði frosið við þessa háttsemi ákærða og ekki vitað hvað til bragðs ætti að taka.

Vitnið sagði ákærða hafa haft samband við sig í ágúst 2018. Hann hefði viljað létta á sér, lýsa sinni hlið á málinu. Ákærði hefði ekki vitað hvernig hann ætti að snúa sér í þeirri stöðu sem upp var komin.

Ákærði hefði skýrt svo frá í samtali sínu við vitnið að hann og brotþoli hefðu legið saman á dýnu á gólfinu. Þau hefðu verið að spjalla og ákærði verið að „gilla“ bakið á brotþola. Þau hefðu síðan farið að sofa. Ákærði hefði í framhaldinu farið inn á brotþola, snert hana, sem hann hefði svo séð eftir.

L, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu [...], bar fyrir dómi að í september 2016 hefði barnaverndaryfirvöldum borist tilkynning um meint brot ákærða gegn brotþola í skólaferðalagi. Þar sem brotþoli hefði þegar tilkynningin barst þegar verið í sálfræðimeðferð hefði mál hennar ekki farið til vinnslu í Barnahúsi. Brotþoli hefði á þessu stigi málsins ekki verið tilbúin til þess að leggja fram kæru. Móðir brotþola hefði verið upplýst um þá afstöðu barnaverndar að talið væri rétt að mál sem þetta færu ávallt til rannsóknar hjá lögreglu og henni sagt að láta barnavernd vita ef stúlkunni snerist hugur.

Í kjölfar tilkynningarinnar kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða og móður hans. Úr hefði orðið að sótt hefði verið um svokallað SÓK-úrræði til barnaverndarstofu og hefði ákærði í framhaldinu farið í viðtöl hjá D sálfræðingi.

Átta eða níu mánuðum síðar, í apríl 2016, hefði barnavernd borist erindi frá móður brotþola þess efnis að stúlkun vildi leggja fram kæru í málinu. Vitnið hefði í kjölfarið vísað málinu bréflaga til lögreglu. Reifun í bréfinu á frásögn brotþola kvað vitnið vera komna frá móður hennar og hafa verið tekna niður eftir henni haustið 2015.

Fljótlega eftir að málinu var vísað til lögreglu hefði D haft samband við vitnið til að kanna hvort möguleiki væri á því að ákærði gæti fengið að hitta brotþola og biðja hana fyrirgefningar á háttsemi sinni, augliti til auglitis. Sú beiðni hefði verið borin undir meðferðaraðila brotþola. Við þessari málaleitan hefði komið neikvætt svar. Vitnið kvaðst hafa um það vitneskju að að þeirri niðurstöðu fenginni hefði ákærði skrifað brotþola bréf. Vitnið hefði hins vegar ekkert komið að því.

#### IV

Í málinu liggur frammi skýrsla B sálfræðings, dagsett 11. október 2016, um meðferð sem brotþoli sótti hjá henni frá 23. júní 2015 til 5. janúar 2016 þar sem unnið var með afleiðingar meints kynferðisbrots ákærða gegn brotþola. Fram kemur í skýrslunni að brotþoli hafi mætt í níu viðtöl til sálfræðingsins.

Í skýrslu sálfræðingsins er haft eftir brotþola um málsatvik að [---]

Í niðurlagi skýrslu sálfræðingsins segir að brotþoli hafi virst einlæg og sjálfri sér samkvæm í viðtölum. Þegar meint kynferðisbrot var rætt hafi orðið vart við streitueinkenni hjá brotþola. Í viðtölunum hafi komið í ljós fjölmörg einkenni sem þekkt séu meðal þolenda kynferðisbrota. [---]

Þá segir enn fremur í niðurlagi skýrslunnar að brotaþoli hafi upplifað mikinn trúnaðarþrest í kjölfar meints kynferðisbrots. Í meðferðinni hafi verið lögð áhersla á að takast á við þessar afleiðingar og aðrar algengar afleiðingar í kjölfar kynferðisbrota [---]

B kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði vottorð sitt.

Eftir að kæra var lögð fram í apríl 2016 vegna meints kynferðisbrots ákærða sótti barnavernd, að höfðu samráði við ákærða og móður hans, um svokallað SÓK-úrræði fyrir ákærða til barnaverndarstofu. Í framhaldinu fór ákærði í viðtöl hjá D sálfræðingi. Í vottorði hennar vegna þeirrar meðferðar, dagsettu 4. september 2018, kemur fram að í upphafi meðferðar hafi staða ákærða verið metin út frá áhættuþáttum. Ákærði hafi strax tekið ábyrgð á þeirri óviðeigandi hegðun sem hann hafi sýnt í skólaferðalaginu og hann viljað gera það sem hægt væri til að draga úr þeim skaða sem hann hefði valdið. Ákærði hafi í gegnum allt meðferðarferlið verið mjög samstarfsfús. Þar sem mat á áhættuþáttum hafi verið mjög lágt og líkur á því að ákærði myndi sýna af sér frekari óviðeigandi hegðun af þeim sökum verið taldar litlar hafi meðferðarvinnan fyrst og fremst beinst að því að skoða hvernig hann gæti unnið að því að bæta fyrir óviðeigandi hegðun sína og taka ábyrgð á gerðum sínum. Hluti af meðferðarvinnunni hafi verið að skrifa brotaþola bréf þar sem ákærði hafi beðið hana afsökunar. Bréfinu hafi verið komið til barnaverndar sem ætlað hafi að hafa milligöngu um að upplýsa brotaþola um tilvist þess. Í lok meðferðarinnar hafi staða ákærða verið endurmetin og hafi engir virkir áhættuþættir þá verið sýnilegir og engar vísbendingar verið um frekari óviðeigandi hegðun.

D kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt.

## V

Fyrir liggur að aðfaranótt 5. júní 2015 sváfu ákærði og brotaþoli saman á dýnu á gólfi í gistiskála í [...] í [...], Voru þau þar stödd ásamt fleirum í útskriftarferðarlagi nemenda í [...]. Í málinu er ákærða gefin að sök nauðgun með því að hafa um nóttina káfað innanklæða á brjóstum, rassi og kynfærum brotaþola og stungið fingri inn í leggöng brotaþola, gegn hennar vilja, þar sem hún lá sofandi til hliðar við ákærða á dýnu á gólfi skálans og þannig nýtt sér það að brotaþoli var sofandi, og eftir að hún vaknaði og ákærði varð þess var haldið framangreindu áfram án þess að hafa til þess samþykki brotaþola og ekki látið af háttseminni fyrr en hún kom sér frá honum.

Brotaþoli bar um málsatvik fyrir dómi að hún hefði komið inn í herbergið um kl. 01:30-02:00 um nóttina og hefði ákærði þá legið vakandi á dýnu á gólfinu. Ákærði hefði spurt brotaþola að því hvort hún ætlaði ekki að sofa á dýnunni hjá honum. Brotaþoli hefði svarað því játandi og lagst á dýnuna. Þau hefðu rætt saman í stutta stund en brotaþoli síðan sofnað. Hún kvaðst hafa vaknað við að finna hönd

á öðru brjósti sínu. Brotapoli hefði fyrst ekki áttað sig á aðstæðum en síðan gert sér grein fyrir því að um hönd ákærða var að ræða. Hún sagði ákærða hafa snert bæði brjóst hennar. Brotapoli hefði opnað augun og séð að ákærði lá á öxlinni á henni. Brotapoli hefði spurt ákærða að því hvað hann væri að gera og hún síðan snúið sér undan. Ákærði hefði í framhaldinu farið með höndina niður á rass brotápola. Hann hefði síðan fært höndina á píku hennar og farið með fingur inn í leggöngin. Brotapoli sagðist hafa legið á maganum og reynt að koma sér frá ákærða. Um tíma hefði hún verið komin af dýnunni og út á gólf. Ákærði hefði síðan hætt að leita á brotápola og þau bæði sofnað.

Ákærði hefur lýst þessum atvikum svo að um kl. 00:30 hefði brotapoli komið inn í herbergið og farið að gera sig klára í háttinn. Ákærði hefði þá spurt brotápola að því hvort hún hygðist sofa hjá honum á dýnunni og hefði hún svarað því játandi. Eftir að brotapoli var lögst á dýnuna hjá ákærða hefðu þau talað saman í dágóða stund. Ákærði hefði síðan, með samþykki brotápola, klóraði henni í nokkra stund á rassinum og síðan einnig til hliðar við annað brjóst hennar, í báðum tilvikum innan klæða. Að þessu loknu hefðu þau rætt áfram saman í stutta stund en síðan farið að sofa. Ákærði hefði síðan vaknað upp um nóttina. Hann hefði ekki litið á klukku en taldi að hún hefði verið á bilinu 02:30 til 03:00. Ákærði sagðist ekki geta skýrt hvað kom yfir hann, „... ég var eflaust eitthvað spenntur út af ... fyrir um kvöldið og ég ákveð að káfa á henni.“ Ákærði hefði í stuttan tíma káfað á brjóstum, rassi og kynfærum brotápola, allt utan klæða. Hann hefði síðan skynjað að brotapoli var vöknuð og í kjölfarið látið af þessari háttsemi sinni. Þau hefðu síðan bæði farið aftur að sofa.

Brotapoli og ákærði eru ein til frásagnar af atvikum umrædda nótt. Samkvæmt framansögðu hefur ákærði viðurkennt að hafa káfað á brjóstum, rassi og kynfærum brotápola en segir það allt hafa verið utan klæða. Þá hefur hann neitað því að hafa farið með fingur inn í leggöng brotápola og fyrir dómi kvaðst hann hafa látið af háttsemi sinni þegar hann skynjaði að brotapoli væri vöknuð.

Samkvæmt því sem fram kom við vitnaleiðslur fyrir dómi greindi brotapoli móður sinni og vinkonum, þeim F, G, E og K, öllum frá því sem gerðist umrædda nótt í skólaferðalaginu skömmu eftir að hún kom heim úr ferðalaginu. Öll báru vitnin um að brotapoli hefði sagt ákærða hafa káfað á henni innan klæða. Þá má ráða af skýrslu B sálfræðings frá 11. október 2016, um meðferð sem brotapoli sótti hjá henni, að stúlkan hafi greint sálfræðingnum frá atvikum hvað þetta varðar með sambærilegum hætti, en í skýrslunni kemur fram að stúlkan hafi virst einlæg og sjálfri sér samkvæm í viðtölum.

Brotapoli hefur frá upphafi haldið því fram að ákærði hafi haldið þeirri háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, áfram eftir að hún var vöknuð. Fyrir

dómi bar ákærði um það atriði að þegar hann hefði skynjað að brotaþoli var vöknuð hefði hann látið af háttsemi sinni. Sá framburður ákærða er hins vegar ekki einungis í andstöðu við framburð brotaþola heldur einnig framburð ákærða sjálfs hjá lögreglu. Hefur ákærði enga skýringu gefið á þessu misræmi í framburði sínum.

Í málinu hefur ekkert komið fram sem gefur ástæðu til að ætla að brotaþoli hafi nokkra ástæðu til þess ýkja frásögn sína af atvikum og bera ákærða þyngri sökum en hann hefur sjálfur gengist við samkvæmt framansögðu. Þvert á móti er fram komið að áður en atvik máls gerðust var með þeim mikill vinskapur og ákærði stúlkunni kær vinur. Því til samræmis kemur fram í skýrslu B sálfræðings að brotaþoli hafi upplifað mikinn trúnaðarbrist í kjölfar brots ákærða.

Framburður brotaþola í málinu hefur samkvæmt áðursögðu verið stöðugur og greinargóður. Að öllu framangreindu heildstætt virtu er það mat dómsins að framburður hennar sé trúverðugur. Þykir því mega slá því föstu með vísan til framburðar brotaþola og þess sem honum er til stuðnings samkvæmt framansögðu, gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða

## VI

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing. Ákærði var ungur að árum er hann framdi brot sitt, en hann var þá nýorðinn 16 ára gamall. Ákærði hefur frá upphafi gengist við því að hafa brotið gegn brotaþola umrædda nótt, þótt hann hafi ekki játað sakargiftir að öllu leyti. Þá hefur ákærði sótt meðferð hjá D sálfræðingi, en í vottorði hennar vegna meðferðar ákærða, sbr. kafla IV hér að framan, kemur meðal annars fram að ákærði hafi strax tekið ábyrgð á þeirri hegðun sem hann hafi sýnt í skólaferðalaginu og hann viljað gera það sem hægt væri til að draga úr þeim skaða sem hann hafi valdið. Verður litið til þessara atriða við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 4., 5. og 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt kynferðisbrot en brot gegn 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga varðar fangelsi ekki skemur en í eitt ár og allt að 16 árum. Samkvæmt því og að teknu tilliti til þess sem áður var rakið, sbr. einnig 1. og 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða réttilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Atvik máls þessa gerðust 5. júní 2015. Kæra var lögð fram tæpu ári síðar, eða hinn 30. maí 2016. Rannsókn lögreglu lauk í október það sama ár. Ákæra var síðan gefin út 31. maí 2018. Voru þá liðin tæp þrjú ár frá broti ákærða. Vegna hins langa málsmeðferðartíma, ungs aldurs ákærða er hann framdi brotið, þess að hann hefur

ekki áður verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi og að gættum dómi Landsréttar í máli nr. 165/2018, sem kveðinn var upp 16. nóvember 2018, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## VII

Í málinu krefst brotþoli miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. júní 2015, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá því ákærða var birt bótakrafan til greiðsludags.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi brotið gegn brotþola svo varði við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og loks umfangs tjónsins. Í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum.

Við mat á miskabótum til handa brotþola þykir mega líta til skýrslu B sálfræðings frá 11. október 2016, en efni skýrslunnar er að nokkru reifað í kafla IV hér að framan. Í skýrslunni kemur fram að í viðtölum sálfræðingsins við brotþola hafi komið í ljós fjölmörg einkenni sem þekkt séu meðal þolenda kynferðisbrota. [---]

Með vísan til alls framangreinds og að broti ákærða virtu þykja miskabætur til handa brotþola réttilega ákvarðaðar 1.500.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en samkvæmt framlagðri upplýsingaskýrslu lögreglu var bótakrafa brotþola kynnt ákærða 26. september 2016.

## VIII

Með vísan til sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður honum gert að greiða allan sakarkostnað málsins. Ákærði dæmist því til að greiða sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti héraðssaksóknara, dagsettu 20. desember 2016, 120.000 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, þóknun verjanda síns á fyrri stigum málsins, Bjarna Haukssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, en þóknun verjenda og réttargæslumanns þykir að umfangi málsins virtu hæfilega

ákveðin svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 1.658.840 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 653.480 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, þóknun tilnefnds verjanda á rannsóknarstigi málsins, Bjarna Haukssonar lögmanns, 379.440 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, 505.920 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Ákærði greiði brotaþola, A, 1.500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. júní 2015 til 26. október 2016, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Kristinn Halldórsson